



Fréttabréf forseta

Ágætu formenn

Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn. Það er búið að vera yndislegt að fá að kynnst ykkur og störfum deildanna þetta misseri. Ég vona að aðalfundur deildanna gangi vel og ég hvet ykkur til að fara eftir hefðbundnum fundarsköpum á aðalfundum.

Það hefur vonandi verið gefandi og þroskandi fyrir ykkur að stjórna deildinni ykkar í þessi tvö ár. Þið hafið fengið tækifæri til að kynnst enn betur konunum í ykkar deild og þá

sérstaklega þeim sem hafa starfað með ykkur í stjórn. Þið komið til með að vinna áfram með næstu stjórn og vera þeim til halds og trausts. Þannig tryggjum við að starf deildanna sé í stöðugri framþróun. Næsti fundur framkvæmdaráðs verður í lok ágúst/sept og þangað mæta nýjir formenn. Gott væri að fá frá ykkur ábendingar um efni sem þið teljið að við ættum að fara yfir með nýjum formönnum.

Vorþing 10.maí á Ísafirði

Dagskrá þingsins er á heimasíðunni okkar og enn er tækifæri til að slást í hópinn og skella sér vestur.

Minnislisti fyrir vorið:

- A) Skila öllum skýrslum til landssambandsforseta, form 54, 2, 38, 26, 40, 36 og 34. sá vefsíðu alþjóðasamtakanna.
- B) Skýrsla formanns send til landssambandsforseta og sett á heimasíðu deildar.
- C) Tilkynna nýja stjórn til landssambandsforseta og alþjóðasamtakanna.
- D) Aðstoða nýja stjórn eftir föngum, vera leiðbeinandi og gefa góð ráð.

Styrkjum tengsl til framtíðar

Ég hvet allar félagskonur DKG á Íslandi sem hafa áhuga á alþjóðastarfi að sækja um að starfa með erlendri nefnd. Umsóknarfrestur er til 1.júní n.k. Hægt er að senda umsóknina til mín. Ég mun síðan senda umsóknir út með meðmælum frá landssambandsstjórn.

Umsóknareyðublað fyrir erlendar nefndir er á vef alþjóðasamtakanna. <https://www.dkg.org/content/application-international-committee-appointment-2014-2016>

Ég hef haft tækifæri til að heimsækja nokkrar deildir í vetur og vil þakka ykkur kærlega fyrir skemmtilega og fróðlega fundi. Það hefur verið yndislegt að vera með ykkur og fá að kynnst ykkur og starfinu í deildunum. Ég hlakka til að heimsækja þær deildir sem ég á eftir að hitta.



Erlendar nefndir

Landssambandsstjórn þakkar öllum þeim sem starfað hafa í erlendum nefndum, fyrir frábær störf í þágu alþjóðastarfs DKG. Í sumar hefst nýtt tímabil og hægt er að sækja um í erlendar nefndir til 1.júní, sjá neðar á síðunni.

Styrkur

Sú hefð hefur verið innan landssambandsins að styrkja þær konur sem eru með erindi á alþjóðþingum. Umsóknarfrestur er til 15.júní n.k. Styrkurinn nemur kr. 15000,-. Styrkumsóknir berist landsambandsforseta á netfangið gugga@mitt.is ásamt uppl. um fyrirlestur/fyrirlestra.

Kynningarbæklingur DKG á Íslandi hefur verið endurútfeginn og sendur til allra formanna deilda og nefnda. Mér urðu á þau mistök í bréti til ykkar að ég sagði Sigríði Rögnu vera lögsögumann en hún er að sjálfsgöðu fyrrum forseti og lögsögumaður okkar er Aður Torfadóttir. Ég bið hlutaðeigandi velvirðingar á þessum mistökum.

Með kveðju
Guðbjörg
forseti DKG